




Norðurlönd sem sjálfbærasta og sambættasta svæði heims

Framkvæmdaáætlun 2021–2024

Framtíðarsýn okkar 2030

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



**Norðurlönd eiga
að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Efnisyfirlit

Inngangsorð	4
Græn Norðurlönd.....	5
Samkeppnishæf Norðurlönd	12
Félagslega sjálfbær Norðurlönd	18
Hvernig eflum við norrænt samstarf á áherslusviðunum	25

Inngangsorð

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030.

Þetta er kjarninn í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar sem forsætisráðherrar Norðurlandanna samþykktu í ágúst 2019.

COVID-19-faraldurinn hefur valdið nýjum áskorunum á Norðurlöndum og um allan heim og bregður einatt fyrir á öllum fagsviðum. Norrænt samstarf er mikilvægt til að skapa efnahagsbata sem er í senn vistvænn og félagslega sjálfbær, einnig til að knýja áfram græn umskipti og auðvelda markvissari miðlun reynslu af samfélagslegum viðbúnaði.

Til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika verða þrjú stefnumarkandi áherslusvið í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar á næstu fjórum árum: [Græn Norðurlönd](#), [samkeppnishæf Norðurlönd](#) og [félagslega sjálfbær Norðurlönd](#).

Parísarsamkomulagið og heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun vísa veginn og Norðurlönd eiga að vinna af meiri metnaði og hraðar en umheimurinn.

Til þess að það takist voru allar fagráðherra-nefndir, norrænar stofnanir og Norðurlandaráð beðin um að leggja fram tillögur um verkefni og áherslur. Þá var gert meira en nokkurn tíma fyrir til að leita samráðs hjá borgaralegu samfélagi og atvinnulífi á Norðurlöndum.

Afraksturinn er framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar sem hér liggur fyrir um starfið á næstu fjórum árum, en hún byggist á tólf markmiðum sem tengjast hinum stefnumarkandi áherslum. Áætlunin tilgreinir hverju norrænt samstarf á að hafa áorkað fyrir árið 2024 og hvernig ráðherranefndin stuðlar að því með því að:

- Hefja, framkvæma og fylgja eftir pólitískum ákvörðunum sem stuðla að þróun í þá veru að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.
- Taka saman þarfa þekkingu og rannsóknir sem eftirspurn er eftir og sem nýtast á Norðurlöndum.
- Leiða saman norræna aðila til þess að þeir læri hver af öðrum og öðlist betri skilning hver á öðrum þvert á Norðurlöndin.
- Grípa til aðgerða sem auðvelda daglegt líf hins norræna borgara.

Hátt er stefnt en til þess að missa ekki marks verður starfinu fylgt stöðugt eftir með vísum sem sýna hvernig Norðurlöndum í heild miðar í átt að því að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims, sem sýna almenn áhrif af starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og árangur af einstaka aðgerðum ráðherra-nefndarinnar.

Unnið verður á virkan hátt með aðkomu borgaralegs samfélags og atvinnulífsins að framkvæmd áætlunarinnar, með myndun tengslaneta en einnig með stöðugu opinberu samráði.

Framkvæmdaáætlunin á einnig að efla starf Norrænu ráðherranefndarinnar að sjálfbærri þróun, jafnrétti, réttindum barna og sjónarmiðum ungs fólks. Alþjóðastarfið verður markvissara en það snýst um sjálfbærar lausnir og sameiginleg gildi okkar í Norðvestur-Rússlandi, á norðurslóðum, í Eystrasaltslöndunum, meðal nágranna okkar í vestri og á heimsvísu.

Norræna ráðherranefndin mun framkvæma áfangamat á framtíðarsýninni á miðju tímabili árið 2022 en þá fá forsætisráðherrar Norðurlanda fyrstu stöðuskýrsluna. Að því búnu ráðgerir Norræna ráðherranefndin að skila lokaskýrslu um vinnuna að framtíðarsýninni árið 2024.

Græn Norðurlönd



LJÓSMYND: UNSPLASH



LJÓSMYND: SCANPIX.DK



LJÓSMYND: NICLAS JESSEN

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Fram til ársins 2024 mun Norræna ráðherranefndin:

- efla rannsóknir, þróun og framgang lausna sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, t.a.m. í samgöngum, byggingum, matvælum og orkumálum.
- eiga þátt í að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum.
- efla hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakerfi og auðlindanýtnar og óeitraðar hringrásir á Norðurlöndum.
- auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur með sameiginlegum aðgerðum um sjálfbæra neyslu.
- stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðasamstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, t.a.m. með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víðar um heim.

Græn Norðurlönd

**Norðurlönd
eiga að verða
sjálfbærasta og
sambættasta
svæði heims**

Stefnumarkandi áhersla á *Græn Norðurlönd* tengist aðallega eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Einnig tengist hún stefnumarkandi markmiðum Parísarsamkomulagsins um að sporna gegn loftslagsbreytingunum.



Markmið 1

Norræna ráðherranefndin mun efla rannsóknir og þróunarstarf og greiða fyrir lausnum sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, til að mynda í samgöngum, byggingum, matvælum og orkumálum.

Loftslagsbreytingarnar eru ein helsta áskorun mannkynsins. Eigi jarðarbúar að ná tókum á hlýnun jarðar í samræmi við það sem löndin skuldbundu sig til með Parísarsamkomulaginu er þörf á samstarfi og pólitískri forgangsöröðun. Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa samþykkt norræna yfirlýsingu um kolefnishlutleysi en þar segir að Norðurlönd verði að vinna að kolefnishlutleysi innanlands og alþjóðlega. Forysta Norðurlanda er mikilvæg í þeim græna bata sem þörf er á kjölfar COVID-19-faraldursins. Nú er brýnt að norrænt samstarf styðji við aðgerðir Norðurlanda til að sporna gegn loftslagsbreytingum. Auknu fjármagni verður varið í að efla norrænt samstarf á þessu sviði á næstu árum.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- leggja til [aukna þekkingu og rannsóknir á lausnum](#) til að sporna gegn loftslagsbreytingum og greiða fyrir skjótum umskiptum í átt að kolefnishlutleysi á Norðurlöndum. Þetta á meðal annars við um græn umskipti í samgöngum, orkumálum, byggingum og fjármálageira. Sérstöku rannsóknaráttaki verður hrint af stað þar sem viðfangsefnið er græn samfélagsþróun og sjálfbær umskipti. Verkefnið felur í sér aukið samstarf milli fleiri málaflokka.
- tryggja að fyrir árið 2030 verði [raforkumarkaður](#) Norðurlanda einn sá samkeppnishæfasti, sjálfbærasti, samþættasti, nýstárlegasti og notendavænsti í heimi.

- ráðast í ýmis verkefni um loftslagsvæna þróun á [orkutækni](#), t.a.m. þróun á endurnýjanlegu eldsneyti og föngun, notkun og geymslu kolefnis. Aflað verður þekkingar um árangursríkar aðgerðir til að draga úr loftslagsáhrifum vegna losunar frá orkugeira sem nemur 90%.
- ráðast í fleiri aðgerðir til að auka sjálfbærni og samkeppnisfærni í [byggingar- og húsnæðisgeira](#) sem eiga þátt í að draga úr áhrifum á heilsu, umhverfi og loftslagið.
- ráðast í stór verkefni til að knýja áfram græn umskipti í [samgöngum](#), þ.m.t. samgöngur án jarðefnaeldsneytis. Samstarf um samgöngumál verður aukið milli viðeigandi ráðuneyta á Norðurlöndum.
- afla þekkingar á sjálfbæru [skipulagi](#) sem er aðlagað að loftslagsbreytingum, þar á meðal innviðum og samgöngukerfum. Samstarf norrænna sveitarfélaga verður aukið um grænt borgarskipulag og þróun.
- auka samstarf um menntamál innan ramma Nordplus, áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um símenntun. Áhersla áætlunarinnar á árunum 2021–2022 verður lögð á að búa [nemendur, námsfólk og fullorðna](#) undir græna framtíð. Áherslan á árunum 2023–2024 verður lögð á félagslega sjálfbærni.

Markmið 2

Norræna ráðherranefndin mun eiga þátt í að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum.

Líffræðileg fjölbreytni er forsenda alls lífs á jörðinni. Hagnýt vistkerfi vernda uppskeru, frævun plantna, fæðu úr sjó og landi og stuðla að stöðugu veðurfari. Allt þetta er nauðsynlegt fyrir velferð okkar og hagvöxt. Norrænt samstarf eykur nú aðgerðir til að tryggja öflug vistkerfi.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- leggja sitt af mörkum til þróunar á [sjálfbærri náttúruauðlindastjórnun](#) í hafinu og á landi í því skyni að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Meðal annars verður aflað frekari þekkingar á því hvernig við verndum, varðveitum og endurheimtum náttúruna.
- þróa áfram [náttúrulegar lausnir](#) fyrir líffræðilega fjölbreytni og loftslagið. Meðal annars verður unnið með lausnir sem auka og varðveita kolefnisgeymslu á landi og í hafinu.
- auka aðgerðir til að [þróa þol matvæla- og fóðuruppskeru](#) gagnvart öfgaveðrum og loftslagsbreytingum. Vinnan fer aðallega fram hjá Norrænu erfðaauðlindamiðstöðinni, NordGen, en það er sameiginlegur genabanki og þekkingarmiðstöð Norðurlanda um varðveislu á plöntum, búfé og skógum. Fræsafr NordGen er nýtt í rannsókn- og þróunarverkefnum á öllum Norðurlöndum, meðal annars við þróun á nýjum próteingjöfum.
- hefja [fiskeldisrannsóknir](#), það er á eldisfiski og vatnagróðri. Rannsóknirnar munu meðal annars skapa lausnir fyrir sjálfbært fiskeldi á landi og í sjó á Norðurlöndum.

Markmið 3

Norræna ráðherranefndin mun efla hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakkerfi svo og auðlindanýtnar og óeittraðar hringrásir á Norðurlöndum.

Hringrásar- og lífhagkerfi ræður úrslitum um að Norðurlönd geti innleitt græn umskipti, náð loftslagsmarkmiðum og tryggt líffræðilega fjölbreytni. Hagkerfi á Norðurlöndum eiga að veita mörg tækifæri til efnisnýtingar, endurvinnslu vöru og sjálfbærrar framleiðslu á lífmassa. Samstarfið á að stuðla að því að Norðurlönd taki afgerandi skref til að loka hringrásum og gera þær óeittraðar og auðlindanýtnar. Á þann hátt er hægt að draga úr kostnaði, skapa ný viðskiptatækifæri og byggja sjálfbæra framtíð.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- afla þekkingar á og liðka fyrir umskiptum í átt að hringrásarhagkerfi og óeitruðum hringrásum. Meðal annars verður ráðist í verkefni með það fyrir augum að auka framboð og eftirspurn eftir lausnum fyrir hringrásarhagkerfi, ekki síst með opinberum innkaupum.
- beita sér fyrir því að Norðurlönd verði leiðandi á sviði loftslagshlutlausra og sjálfbærra viðskiptalíkana fyrir atvinnulífið í hringrásarhagkerfi. Markmiðið er að þróa aðgerðir sem flýta fyrir hringrásarhagkerfi og kolefnishlutleysi, t.a.m. fyrir skýrslugerð fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð og græn gögn.
- ráðast í verkefni með það fyrir augum að Norðurlönd verði leiðandi á sviði sjálfbærrar jarðefnavinnslu. Verkefnið mun tryggja aðferðir til að vinna jarðefni með sjálfbærum, rekjanlegum og loftslagshlutlausum hætti.

- ráðast í verkefni um hagvöxt og græn umskipti í dreifbýli. Viðfangsefnið er hvernig hægt er að bregðast við bráðakreppum vegna loftslagsbreytinga. Þetta snýst um að aðlaga landbúnað, skógrækt, sjávarútveg og fiskeldi á Norðurlöndum að loftslagsbreytingum og auka þol þessara atvinnuvega gagnvart öfgaveðrum.
- vinna að því að fyrirbyggja losun á landi og draga úr úrgangi úr plasti og örplasti í sjó með því að styðja aðgerðir til að draga úr notkun og bæta nýtingu plastics í fiskveiðum, sjávarútvegi og á landi. Þetta er meðal annars gert með því að afla þekkingar og finna leiðir til að sporna gegn plastúrgangi í hafinu.

Markmið 4

Norræna ráðherranefndin mun auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur í sameiginlegu verkefni um sjálfbæra neyslu.

Á Norðurlöndum eru ein stærstu vistspor í heimi. Ósjálfbærar neysluvenjur eru stór sameiginleg áskorun okkar Norðurlandabúa. Norrænt samstarf mun vinna að því að auðvelda norrænum almenningi að temja sér sjálfbæran lífsstíl sem er í senn hollur og umhverfis- og loftslagsvænn.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- eiga þátt í að auðvelda og flýta fyrir því að eðlilegt verði [að stunda sjálfbæran lífsstíl](#) á Norðurlöndum. Þetta verður gert með þverlægu verkefni um sjálfbæran lífsstíl með áherslu á þekkingargrunn, stefnumótun og kynningu á nýjum háttum og menningu.
- þróa aðferðir til að meta [umhverfis- og loftslagsáhrif af völdum neyslu](#). Þær munu nýtast í norrænu samstarfi um að skapa betri lausnir til að draga úr umhverfis- og loftslagsáhrifum af völdum neyslu.
- þróa [norræna umhverfismerkið Svaninn](#). Þetta framtak mun auðvelda Norðurlandabúum að velja umhverfis- og loftslagsvæna kosti.
- hrinda af stað verkefni um [menntun í sjálfbærri þróun](#) á öllum skólastigum. Verkefnið mun styrkja hlutverk kennara í samfélaginu og auka þekkingu og færni til að búa börn og ungt fólk undir að skapa sjálfbært samfélag morgundagsins.
- liðka fyrir [hollri og sjálfbærri matvæla-neyslu](#) og nýsköpun í norrænum matvælageira. Meðal annars verður unnið áfram með verkefnið um Nýja norræna matargerð og norrænar næringar-ráðleggingar verða þróaðar. Sú vinna mun einnig eiga þátt í að draga úr úrgangi með skilvirkum og samræmdum geymslupolsmerkingum á öllum Norðurlöndum og með því að þróa áfram norrænu næringarráðleggingarnar.
- eiga þátt í að semja [kröfur um visthönnun](#), það er kröfur um að vörur eigi að vera sparneytnar og að hægt sé að gera við þær og endurnýta en á þann hátt er stuðlað að auðlinda- og orkunýtni. Eftt verður til fræðsluátaks um nýjar og bættar orkumerkingar.
- efla [grænar náttúru- og menningar-upplifanir](#) á Norðurlöndum. Verkefnum um grænar listir, menningu og menningararf verður ýtt úr vör, sköpuð verða eftirsóknarverð útivistarsvæði og stutt við þróun á sjálfbærri menningartengdri ferðaþjónustu.
- taka þátt í umræðu um sjálfbæra þróun og neytendahegðun á Norðurlöndum og á heimsvísu. Hér gegna norrænu menningarstofnanirnar mikilvægu hlutverki.

Markmið 5

Norræna ráðherranefndin mun stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðasamstarfi í umhverfis- og loftslagsmálum, til að mynda með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víða um heim.

Umhverfis- og loftslagsáskoranir nútímans virða sjaldan landamæri. Þær verða hvorki leystar innanlands né svæðisbundið heldur kalla þær á alþjóðlega samvinnu og samstarfsaðila. Með því að miðla norrænum lausnum og beita lagni í alþjóðlegum viðræðum um umhverfis- og loftslagsmál getur norrænt samstarf verið öflugur liðsauki við Parísarsamkomulagið í loftslagsmálum, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og alþjóðastefnu í umhverfis- og loftslagsmálum.

- styðja samstarf við Eyrstrasaltsríkin sem eykur þekkingu um græn umskipti innan ramma samstarfsáætlunar um menntun og Nordplus.
- styðja svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf á norðurslóðum og Barentssvæðinu um samfélagsþróun, umhverfis- og loftslagsmál.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- leggja sitt af mörkum í starfi Norðurlanda að alþjóðlegum viðræðum og vinna með virkum hætti að metnaðarfullri framkvæmd umhverfis- og loftslagssamninga. Norðurlönd munu umfram allt beita sér fyrir því að fyrsta alþjóðlega yfirsýnin á vegum Parísarsamkomulagsins verði unnin af metnaði. Norðurlönd munu einnig beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að alþjóðlegur samningur náist um plast- og örplastsmengun í höfunum. Norðurlönd beita sér einnig fyrir að knýja fram metnaðarfullan ramma um líffræðilega fjölbreytni og nýjan samning um efni og úrgang.
- hleypa af stokkunum norrænu menningarátaki erlendis til að markaðssetja og vekja athygli á menningu og listum Norðurlanda. Hér er sérstaklega horft til norrænna líkana fyrir t.a.m. sjálfbærni, nýsköpun og hreyfanleika.

Samkeppnishæf Norðurlönd



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Fram til ársins 2024 mun Norræna ráðherranefndin:

- styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á öllum Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi.
- þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálsa för á Norðurlöndum.
- nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlöndin nær hvert öðru.

Samkeppnishæf
Norðurlönd

**Norðurlönd
eiga að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Stefnumarkandi áhersla á *Samkeppnishæf Norðurlönd* tengist aðallega eftirfarandi heimsmarkmiðum Sam-einuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Einnig tengist hún stefnumarkandi norrænu markmiði um frjálsa för fólks.



Markmið 6

Norræna ráðherranefndin mun styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á öllum Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi.

Norðurlönd eru leiðandi á sviði þekkingar og nýsköpunar. Engu að síður er þörf á stöðugri þróun til að tryggja græn og stafræn umskipti. Norrænt samstarf mun efla menntun og rannsóknir, stafræn umskipti og atvinnulífið.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- stuðla að uppbyggingu á sameiginlegri þekkingu og rannsóknum. Með því að styrkja tengsl menntunar, rannsókna og nýsköpunar má búa börn, ungt fólk og fullorðna betur undir grænt og stafrænt samfélag í framtíðinni. Norræna rannsóknaráðið, NordForsk, mun leggja sitt af mörkum til þess að Norðurlönd verði leiðandi í heiminum á sviði rannsókna og nýsköpunar, og jafnframt styðja öndvegisrannsóknir á grænni samfélagsþróun og sjálfbærum umskiptum.
- virkja í auknum mæli **krafta atvinnulífsins** í grænum umskiptum á Norðurlöndum. Með efldu samstarfi opinbera og einkageirans verður unnið markvisst að kolefnishlutleysi og hringrásarhagkerfinu.
- skapa þekkingargrunn um **nýtingu staðbundinna lausna og snjalla sérhæfingu** til að flýta grænum umskiptum. Á þann hátt fæst þekking um hvernig hægt er að skapa samkeppnisfært atvinnulíf í dreifbýli.
- stuðla að því að norræn fyrirtæki verði í stakk búin til að nýta sér **gögn og stafræna tækni** í nýsköpun og til að finna snjallar lausnir. Norðurlönd geta haft áhrif á alþjóðlega þróun og greitt fyrir lykildum eins og trausti, öryggi og aðlögun að þörfum notenda í stafrænni þróun. Norræna ráðherranefndin mun því hefja ýmis verkefni sem styðja örugga notkun stafrænnar tækni, svo sem 5G, gervigreindar og lausna sem styðjast við gagnagrunna. Í þessu felast einnig fyrirbyggjandi aðgerðir til að geta greint og dregið úr öryggisáhættu þegar ný stafræn tækni er tekin í notkun.
- auka aðgang að **rafrænni þjónustu yfir landamæri** Norðurlanda og Eystrasaltsríkja til að auðvelda fólki að stunda nám, starfa og reka fyrirtæki í öðru landi á svæðinu.
- knýja áfram þróun á norrænum vettvangi hvað varðar **gagnaþróun og opin gögn** á forgangssviðum. Fjárhagsgögn fyrirtækja verði gerð aðgengileg á öllum Norðurlöndum og gögnum deilt milli flutningafyrirtækja til að auka afkastagetu og hagræðingu í þjónustu þeirra. Lögð er áhersla á að gera Norðurlöndum kleift að skiptast á heilbrigðisgögnum á skjótan og öruggan hátt. Þetta hefur í för með sér mikla nytsemi fyrir rannsóknir, nýsköpun, heilbrigðismál og heilsugæslu og betri heilsu og vellíðan á Norðurlöndum og víðar.
- stuðla að því að norræn fyrirtæki á sviði **lífvisinda og heilsutækni** verði leiðandi í heiminum. Um er að ræða háleitt markmið en því verður m.a. náð með samstarfi um samnorræna markaðssetningu. Einnig á að vera auðveldara fyrir fyrirtæki að þróa lausnir á sjúkráhusum á Norðurlöndum.

- efla hlutverk [lífhagkerfisins](#) á Norðurlöndum sem drifkrafts fyrir hagvöxt og græn umskipti. Aðgerðirnar munu styðja samkeppnisfærar lífrænar atvinnugreinar, sjálfbæra framleiðslu á lífmassa og sjálfbæra auðlindastjórnun. Í því felst að efla stafræn umskipti innan lífhagkerfisins. Markmiðið er að tengja saman prófunarrými í skógrækt og landbúnaði á vegum Nordic Testbed Network.
- stuðla að því að Norðurlönd verði leiðandi í þróun á [sjálfbæru sjávarhagkerfi](#). Ráðist verður í verkefni til að efla nýsköpun og tækniþróun í norrænum sjávarútvegi og siglingum. Samstarfið mun efla þekkingargrunn fyrir sjálfbæra og auðlindanýtna framleiðslu á sjávarfangi. Í þessu felast aðgerðir vegna glæpastarfsemi í fiskveiðum, svonefndra draugaveiða, ágengra tegunda og stórfelldrar þangræktar.
- efla [menningarsamskipti Norðurlanda og umheimsins](#) og vekja athygli á Norðurlöndum sem nýstárlegu og skapandi svæði. Nordic Bridges er viðamikilið menningarátak sem ýtt verður úr vör í Kanada á árinu 2022.
- beita sér fyrir þróun [ferðaþjónustu](#) á Norðurlöndum. Áhersla er lögð á stafræn umskipti og nýsköpun til að auka samkeppnisfærni greinarinnar, efla kynningu á Norðurlöndum á fjarlægum mörkuðum og bæta skilyrði sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Markmið 7

Norræna ráðherranefndin mun þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og styðja frjálsa för á Norðurlöndum.

Vinnumarkaðurinn er sífelldum og hröðum breytingum undirorpinn. Græn umskipti og stafræn þróun gera nýjar kröfur. Norrænt samstarf mun leggja til verkefni um símenntun til að mæta þeim áskorunum. Greitt verður fyrir frjálsri för fólks og fyrirtækja á Norðurlöndum með því að búa í haginn fyrir aukinn hreyfanleika og hagvöxt. Í þeirri vinnu mun norræna vinnumarkaðslíkanið gegna mikilvægu hlutverki.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- stuðla að því að allir fái tækifæri til að menntast og þroskast allt lífið og verður það gert í norrænu samstarfi á sviði menntunar og vinnumála. Lögð er áhersla á [símenntun](#) og [framfarfærni](#) til að búa börn, ungt fólk og fullorðna undir að mæta og taka þátt í breytilegu samfélagi. Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL) mun taka þátt í að efla símenntun á Norðurlöndum, meðal annars með því að semja og innleiða áætlanir.
- vinna í samráði við aðila vinnumarkaðarins að því að [auka atvinnuþátttöku](#) á Norðurlöndum, einkum viðkvæmra hópa. Ráðherranefndin mun ráðast í verkefni með það fyrir augum að efla tengsl fólks við vinnumarkað en á tímabilinu verða það einkum innflytjendur og flóttafólk, ungt fólk, fólk með fötlun og aldraðir.
- ráðast í tilraunaverkefni til að afla þekkingar fyrir vinnumarkaði Norðurlandanna sem byggist á fenginni [reynslu af COVID-19-kreppunni](#). Aflað verður þekkingar á því hvernig aðgerðum, takmörkunum og lokunum var beitt og hver áhrifin voru. Verkefnið mun fjalla um hvernig hægt er að skapa stöðugleika á vinnumarkaði að loknu kreppuástandi.
- liðka fyrir [hreyfanleika](#) á Norðurlöndum sem er undirstaða norrænnar samvinnu. Norræna ráðherranefndin mun greiða fyrir frjálsri för fólks og fyrirtækja með því að afnema stjórnsýsluhindranir sem leggja hömlur á hreyfanleika og hagvöxt. Stjórnsýsluhindranaráð Norrænu ráðherranefndarinnar gegnir því hlutverki að greina stjórnsýsluhindranir og leysa þær. Mikilvægur þáttur er að vinna saman að innleiðingu á innlendi og ESB-löggjöf. Unnið er að því að greina aðgerðir sem greiða leið þekkingar og færni yfir landamæri Norðurlandanna, auka hagvöxt í löndunum og efla sameiginlegan vinnumarkað landanna. Dæmi um áherslusvið á næstu árum er að löndin viðurkenni eins skjótt og unnt er [próf og starfsréttindi](#) frá hinum Norðurlöndunum.
- stuðla að auknum hreyfanleika og hagvexti á svæðinu með [samstarfi á sviði menningar og lista](#) á Norðurlöndum. Unnið verður að því að skiptast á þekkingu, færni og samskiptaaðilum og jafnframt að efla menningarleg tengslanet milli landanna. Það er gert með norrænum menningarstyrkjaáætlunum og aðkomu norrænu menningarstofnananna.
- ráðast í rannsóknaverkefni með það fyrir augum að fyrirbyggja og [sporna gegn kynferðislegri áreitni](#) í ýmsum starfsgreinum á vinnumarkaði. Verkefnið er unnið í framhaldi af aðgerðum ráðherranefndarinnar vegna [#metoo](#).

Markmið 8

Norræna ráðherranefndin mun nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlönd nær hvert öðru.

Hægt er að samþætta Norðurlönd á ýmsan hátt en mikilvæg tæki til þessa eru menntun og stafræn umskipti. Menntun hefur löngum stuðlað að hreyfanleika á Norðurlöndum og stuðlar enn að auknum skilningi og þekkingu þjóðanna hvernar á annarri. Stafræn umskipti skapa ný tækifæri til að styrkja tengsl landanna og geta greitt fyrir auknum hreyfanleika á svæðinu.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- auka aðgerðir til þess að **rafræn þjónusta yfir landamæri** verði að veruleika. Markmiðið er að rafræn opinber þjónusta verði aðgengileg milli landa og auðveldi fólki að stunda atvinnurekstur, nám eða störf annars staðar á Norðurlöndum.
- beita sér fyrir því að fleiri börn og ungmenni sækji sér **menntun að fullu eða hluta til annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandinu**. Mikilvæg tæki þar að lútandi eru Nordplus, norrænir samningar um menntamál og gagnkvæm viðurkenning prófa sem verið er að vinna að á fagsviðinu. Á árunum 2021–2024 mun Nordplus halda áfram að styrkja hreyfanleika þúsunda barna, ungs fólks og fullorðinna um öll Norðurlönd og Eystrasaltslöndin.
- leggja áherslu á vinnu að **stafrænum umskiptum í menntageira**. Meginmarkmiðin eru að auka gæði menntunar og stafræna færni á öllum menntastigum og auka vitund um nýjar stafrænar námsaðferðir og tæki, þar á meðal á háskólastigi.

- **próa norræna rannsóknainnviði**. Nordic Research Infrastructure Hub er samstarf norrænna rannsóknastofnana með því markmiði að efla norræna færni á þessu sviði. Það á að leiða til sparnaðar og betri gæða rannsókna. Norrænt samstarf mun taka þátt í að skapa háþrúð tæki og þjónustu á sviði upplýsingatækni með það fyrir augum að auka framleiðni rannsókna. Markmiðið er að hraða þróun á hagkvæmri og vandaðri þjónustu við rafræna innviði sem nær út fyrir landamæri.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Fram til ársins 2024 mun Norræna ráðherranefndin:

- stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.
- beita sér fyrir því að allur almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og vinna gegn því að umskiptin auki ójöfnuð í samfélaginu.
- veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi, einnig að auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu frændþjóðanna.
- viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngildingu, jafnræði og tjáningarfrelsi.

**Norðurlönd
eiga að verða
sjálfbærasta og
sambættasta
svæði heims**

**Félagslega sjálfbær
Norðurlönd**

Stefnumarkandi áhersla á *Félagslega sjálfbær Norðurlönd* tengist fyrst og fremst eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:



Markmið 9

Norræna ráðherranefndin mun stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.

Góð heilsa og velferð eru grundvallarforsendur þess að fólk geti nýtt tækifæri sín til fulls og lagt sitt af mörkum til þróunar samfélagsins. Norræna velferðarlíkanið með heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum sem kalla á viðhald og endurnýjun líkansins. Með þekkingu og miðlun reynslu stuðlar norrænt samstarf að því að skapa lausnir sem virka. Þetta á einkum við um viðkvæma hópa. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi og snemmtækar aðgerðir sem eru forsendur góðrar líkamlegrar og andlegrar heilsu.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- þróa áfram [norræna velferðarlíkanið](#) einkum fyrir börn, ungt fólk og fullorðna í viðkvæmri stöðu, einnig aðgerðir í dreifbýli og aukið samstarf við sjálfbóðaliðasamtök.
- þróa áfram [norrænt samstarf í heilbrigðis-málum](#) í þeim tilgangi að tryggja betri heilsu allra þrátt fyrir áskoranir af völdum hækkandi meðalaldurs og afleiðinga af völdum COVID-19. Lykilatriði er að efla hollan lífsstíl sem vörn gegn lífsstílsjúkdómum, sem stuðlar að góðri heilsu allra og léttir álaginu af heilbrigðisþjónustunni. Bætt lýðheilsa og geðheilsa, einkum barna og ungs fólks, stafræn umskipti og nýsköpun í heilbrigðis- og velferðarmálum og varnir gegn sýklalyfjaóðnæmi eru mikilvægir málaflokkar í norrænu samstarfi. Þörf er á norrænni þekkingarmiðlun, rannsóknum og nýsköpun til að finna árangursríkar aðgerðir og inngrip sem styrkja ónæmiskerfið.
- grípa til aðgerða til að bregðast við áskorunum af völdum hækkandi meðalaldurs íbúanna, brottflutnings fólks og mikilla fjarlægða í [dreifbýli á Norðurlöndum](#). Norræna ráðherranefndin mun ráðast í aðgerðir til að auka þekkingu á því hvernig búa má í haginn fyrir samfélagsþátttöku íbúanna og viðhalda góðri heilsu, atvinnu og velferðarkerfi við þessar sérstöku aðstæður. Þetta er meðal annars gert með því að miðla góðum lausnum milli Norðurlanda.
- stuðla að árangursríkari aðgerðum til að [efla félagslega inngildingu, fylgisemd og vellíðan](#) barna, ungs fólks og fullorðinna í viðkvæmri stöðu. Meðal annars verður unnið að því að bæta líðan ungs fólks í menntakerfinu með því að vinna að heilbrigðri frammistöðumenningu. Auk þess mun Nordplus-áætlunin sem nær yfir öll menntastig leggja á árunum 2023 og 2024 áherslu á félagslega sjálfbær Norðurlönd í verkefni sem fjallar meðal annars um gæði, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.
- samþætta og innleiða sjónarmið [sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, barna og ungs fólks](#) í allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar.
- innleiða nýjan málaflokk í norrænu samstarfi um jöfn tækifæri, jafnræði og jöfn réttindi [LGBTI](#) einstaklinga á Norðurlöndum. Aðgerðir munu felast í rannsóknum og þekkingargrunni, þverfag-legum samstarfsverkefnum, stuðningi við samstarfsnet í borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, sýnileika og samskiptastarfi.
- stuðla að aðgerðum til að bregðast við áskorunum og verulegum afleiðingum af völdum COVID-19 á sviði félags- og heilbrigðismála. Þær hafa einkum bitnað á öldruðum, fólki með fötlun og öðrum viðkvæmum hópum. Samfélög okkar reyndust

viðkvæmari en við höfðum gert okkur grein fyrir. Því er afar mikilvægt að beina sjónum að félagslegum afleiðingum kreppunnar. Aukin þekking á þessum málum og hvernig löndin bregðast við neikvæðum afleiðingum kreppunnar verður miðlægt áherslusvið í norrænu samstarfi.

- beita sér fyrir bættum heilsuviðbúnaði þar sem stuðst er við reynsluna af COVID-19 svo hægt verði að **bregðast betur við kreppum**, t.d. heimsfaraldri eða öðrum heilbrigðiskreppum, meðal annars með samstarfi um afhendingaröryggi og stöðuga framleiðslu og örugga dreifingu á matvælum og lyfjum. Norræna lyfjanefndin heldur áfram vinnu sinni með viðbúnað á sviði bólusetninga og lyfja.
- stuðla að þróun norræns samstarfs um samfélagsöryggi í ljósi yfirstandandi COVID-19-kreppu. Norræn rannsóknaráætlun um samfélagsöryggi sem unnin verður á vegum Norræna rannsóknaráðsins, NordForsk, er framlag norræns samstarfs til vísindalegrar þekkingar um hvernig tekið er á COVID-19-faraldrinum, þar sem greindar eru afleiðingar aðgerða sem gripið hefur verið til og samanburður gerður á aðgerðum og reynslu allra Norðurlandanna.
- vinna saman innan ramma One Health-áætlunarinnar að því að bæta notkun **lyfja** á Norðurlöndum og draga úr notkun sýklalyfja um heim allan. Saman geta Norðurlöndin aðlagð starfsemi matvælayfirvalda að þeim breytingum sem búast má við í kjölfar COVID-19-faraldursins

Markmið 10

Norræna ráðherranefndin mun vinna að því að allur almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni tækniþróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og sporna gegn því að þau auki ójöfnuð í samfélaginu.

Jafnaðarsamfélag byggist á þeirri grundvallar-reglu að allir hafi sama rétt og njóti sömu tækifæra óháð t.a.m. kyni, uppruna, trú, líkamlegu atgervi, aldri eða annarri stöðu. Jafnrétti er forsenda þess að umskipti í samfélaginu geti verið inngildandi. Norrænt samstarf mun beita sér fyrir því að enginn samfélagsþegn verði skilinn út undan í þróun í átt að sjálfbærni.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- vinna að **félagslega sjálfbærum og grænum umskiptum** sem auka ekki ójöfnuð í norrænum samfélögum. Markmiðið er að sporna gegn félagshagfræðilegum, menningarlegum og landfræðilegum áskorunum sem tengjast grænum umskiptum.
- vinna að því að græn umskipti nái til **allra svæða á Norðurlöndum**. Heildarsýn og miðlun reynslu eiga að sporna gegn því að félagslegar áskoranir hafi sums staðar of mikið vægi. Aðgerðirnar beinast jafnt að þéttbýli sem dreifbýli.
- stuðla að því að umskipti í átt að loftslagshlutlausu hagkerfi geti átt samleið með **sjálfbærum hagvexti** með því að nýta nýjar rannsóknir. Umskiptin eiga heldur ekki að auka bilið, t.a.m. milli þéttbýlis og dreifbýlis.
- veita **LGBTI- og jafnréttismálum** norrænan stuðning með því að ráðast í verkefni sem sporna gegn mismunun og kynjaskiptingu á vinnumarkaði.
- auka jafnrétti í aðgengilegu og inngildandi **menningar- og listalífi** á Norðurlöndum t.a.m. með aðkomu norrænu menningarstofnananna.
- kanna hvernig græn umskipti í **orkugeira** geta orðið að veruleika án þess að raska samfélagslegu jafnvægi. Verkefnið á meðal annars að leiða til betri greiningargetu á þessu sviði og rannsókna á því hvernig auka má hlut kvenna í orkugeira.
- efla og útvíkka leiðandi hlutverk Norðurlandanna varðandi traust og ábyrgð á stafrænum umskiptum í stofnunum samfélagsins, á vettvangi ESB og alþjóðlega. Markmiðið er að skapa sjálfbærar, sanngjarnar og inngildandi starfsvenjur til að þróa **öruggar stafrænar lausnir** byggðar á gagnsæi og öruggri gagnanotkun.
- ráðast í verkefni um jafnan aðgang að velferðarþjónustu á öllum Norðurlöndum með það fyrir augum að skapa byggðaþróun og draga úr útskúfun. Unnið er í norrænu samstarfi að umskiptum í heilbrigðisþjónustu í þeim tilgangi að nýta **stafrænar lausnir og bjóða upp á fjarheilbrigðisþjónustu**, efla nýsköpun og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.
- með því að miðla reynslu og þróa nýjar aðferðir skapa tæki til að ná til sem flestra norrænna neytenda og gera það eftirsóknarvert að velja **holl og loftslagsvæn matvæli**.
- þróa sameiginlega norræna vísa um fjölmiðlalæsi almennings á Norðurlöndum. Markmiðið er að auka fjölmiðlavitund fólks og að það geti staðist upplýsingaóreiðu og áróður.

Markmið 11

Norræna ráðherranefndin mun veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd, auka aðild þeirra að norrænu samstarfi og þekkingu á tungumálum og menningu frændþjóðanna.

Almenningi á Norðurlöndum á að finnast norrænt samstarf vera nytsamlegt og í sinn hag. Tungumál og menningarverkefni eru mikilvæg tæki til að skapa samþætt svæði og menningarlegt samfélag. Börn og ungt fólk eru höfð í forgangi vegna þess að framtíðarsýnin verður ekki að veruleika nema með því að auka velliðan barna og ungs fólks, veita þeim tækifæri til að nýta réttindi sín og hlusta á það sem þau hafa að segja. Norrænt samstarf mun auka samstarf við borgaralegt samfélag, einnig skipuleggja og framkvæma verkefni í samstarfi við börn og ungt fólk.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- vinna að því að styðja [borgaralegt samfélag](#) og virkja það í starfinu að framtíðarsýnni. Norrænt borgaralegt samfélag verður styrkt í því skyni að mynda tengsl milli landanna og það verður einnig haft stöðugt með í ráðum í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar.
- veita börnum og ungu fólki greinilegri rödd og aukin áhrif í norrænu samstarfi. Norræna barna- og æskulýðsnefndin, NORDBUK, á virkt samstarf við borgaralegt samfélag ungs fólks og styður [tækifæri barna og ungs fólks](#) til að taka þátt, bindast samtökum og hafa áhrif á Norðurlöndum.
- stuðla að [tungumála- og menningarlegum skilningi](#) en hann er mikilvægur til að geta séð Norðurlöndin sem eina heild. Tungumála- og menningarlegur skilningur er einnig mikilvægur til að vekja áhuga og hvetja til náms eða starfa í nágrannalandi. Norræna ráðherranefndin styður hreyfanleikaverkefni og önnur verkefni á sviði tungumála.

Styrkjaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um símenntun og hreyfanleika, Nordplus, styður tengslanet og samskipti skólabekkja með áherslu á tungumál. Þá veitir Nordplus hreyfanleikastyrki til þúsunda barna, ungs fólks og fullorðinna á Norðurlöndum. Volt er önnur mikilvæg styrkjaáætlun en hún mun styrkja menningar- og tungumálaverkefni sem auka lestrarþorsta barna og kynda undir áhuga þeirra á norrænum bókmenntum og tungumálum.

- hefja aðgerðir til að bæta [skilning barna og ungs fólks á dönsku, norsku og sænsku](#). Undir þetta teljast leiðtogafundir og ráðstefnur ungs fólks auk námskeiða fyrir kennara og námsfólk.
- setja aðgerðir í forgang í því skyni að börn og ungt fólk á Norðurlöndum geti kynnst [menningu](#) hinna Norðurlandanna t.a.m. með aðkomu norrænu menningarstofnananna. Styrkjaáætlanir í menningarmálum munu stuðla að sköpun og miðlun listar og menningar um, eftir og með börnum og ungu fólki á Norðurlöndum.

Markmið 12

Norræna ráðherranefndin mun viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngildingu, jafnræði og tjáningarfrelsi.

Sameiginleg norræn gildi og sameiginleg menning styðja lýðræði, traust og þar með samheldni á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin mun á árunum 2021–2024:

- stuðla að því að efla lýðræði, inngildingu og samheldni í fræðsluhlutverki skóla á Norðurlöndum. Markmiðið er að búa menntageirann betur undir að bregðast við samfélagslegum áskorunum með lýðræðislegum hætti og stuðla að virkri borgaravitund og gagnrýnni hugsun barna og ungs fólks.
- ráðast í verkefni um líðan LGBTI barna og ungs fólks. Áhersla verður lögð á miðlun reynslu og færniþróun í skólum og menntageiranum í því skyni að öll börn og ungt fólk hafi jöfn tækifæri til að vera ánægð í skólanum óháð kyni, kynhneigð eða kynvitund.
- beita sér fyrir því að norrænt menningar-samstarf stuðli að því að sameiginlegar menningarupplifanir skapi traust, skilning og samkennd. Hin mörgu frumkvæði og samstarfsverkefni í menningarmálum og aðgerðir þvert á landamæri menningarheima skipta sköpum fyrir norræna samheldni.
- styðja stefnu Norðurlandanna í aðlögunar-málum með því að miðla reynslu og vísindalegri þekkingu. Eitt markmið er að liðka fyrir samfélagsþátttöku flóttafólks og innflytjenda.
- ráðast í aðgerðir til að auka kynjajafnvægi innan lífhagkerfisins. Aðkoma ungs fólks verður augin. Lífhagkerfið er mikilvægt í dreifbýli þar sem oft eru lýðfræðilegar áskoranir.
- hefja rannsóknir á því hvernig hægt er að fyrirbyggja öfgahyggju. Markmiðið er að fækka þeim sem ánetjast öfgasamtökum á Norðurlöndum og stuðla á þann hátt að samfélagsöryggi.
- stuðla að því að dýpka lögreglusamstarf á Norðurlöndum til að auka hlutfall afbrota sem tekst að upplýsa. Til lengri tíma litið á alvarlegum glæpum yfir landamæri að fækka.
- hefja rannsókn sem mun eiga þátt í að auka réttaröryggi einstaklinga og yfirvalda þegar opinber geiri er rafvæddur. Markmiðið er að skapa og viðhalda trausti milli einstaklinga og milli íbúa og yfirvalda.

Hvernig eflum við norrænt samstarf á áherslusviðum

Áhersla á raunverulegan árangur

Norræna ráðherranefndin mun fylgja eftir með virkum hætti vinnunni að Framtíðarsýn fyrir árið 2030 til að tryggja breytingar og breyttar áherslur í starfinu. Eftirfylgni felst í að fylgjast með og meta hvernig Norðurlöndum miðar í átt að því að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims, hvernig starf Norrænu ráðherranefndarinnar hefur áhrif á þróunina á Norðurlöndum og hver heildaráhrifin eru af einstökum verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin mun framkvæma áfangamat á framtíðarsýninni á miðju tímabili árið 2022 en þá fá norrænu forsætisráðherrarnir fyrstu stöðuskýrsluna. Að því búnu ráðgerir Norræna ráðherranefndin að skila lokaskýrslu um vinnuna að framtíðarsýninni árið 2024.


Öflugra starf að sjálfbærri þróun, jafnrétti, réttindum barna og sjónarmiðum ungs fólks

Sjálfbær þróun, jafnrétti, réttindi barna og sjónarmið ungs fólks eru almenn svið sem eru mikilvæg í öllu starfi Norrænu

ráðherranefndarinnar. Öllum sem starfa hjá eða á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, óháð málaflokki, ber skylda til að virða þetta. Með því að efla starfið tryggjum við að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar beri vott um sjálfbærni, jafnrétti, inngildingu, fulltrúalýðræði og aðgengi sem eru forsendur þess að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika.

Aukin aðkoma borgaralegs samfélags

Norræna ráðherranefndin mun virkja borgaralegt samfélag í vinnunni að Framtíðarsýn fyrir árið 2030. Þetta verður gert með nýju líkani fyrir aðkomu borgaralegs samfélags sem byggist á norrænum tengslanetum borgaralegs samfélags og opinberu samráði. Markmiðið er að vekja áhuga borgaralegs samfélags og virkja það til þátttöku í norrænu samstarfi og vinnunni að Framtíðarsýn fyrir árið 2030.



Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims

Framkvæmdaáætlun 2021–2024

PolitikNord: 2020:727

ISBN 978-92-893-6824-7 (PDF)

ISBN 978-92-893-6825-4 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2020-727>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Mette Agger Tang

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur